

Iðnaðarráðuneyti
„Rammaáætlun – umsögn“
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2011

Efni: Umsögn Orkusölnunnar ehf. um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Orkusalan fagnar því að nú hilli undir lok hinnar viðamiklu vinnu sem liggur að baki annars áfanga rammaáætlunar og vonar að með þeirri vinnu verði hægt að nálgast sátt um orkuöflun og nýtingu í landinu. Þær niðurstöður sem sjá má í þeim drögum að tillögu til þingsályktunar sem nú liggja frammi til umsagnar komu þó forsvarsmönnum Orkusölnunnar verulega á óvart, en eini virkjanakosturinn sem Orkusalan ehf. er með í undirbúningi, Hólmsárvirkjun neðri við Atley (nr. 21), er þar settur í biðflokk.

Orkusalan – Hólmsárvirkjun

Markmið Orkusölnunnar er að vera leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu raforku og þjónustu við almenna raforkukaupendur, þar sem nýir möguleikar eru skapaðir með framleiðslu og sölu á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tryggja lágt og samkeppnishæft verð. Í dag hefur Orkusalan rúmlega 30% markaðshlutdeild í smásölu á raforku í landinu og er þar í samkeppni við aðra smásöluaðila, svo sem Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku.

Árið 2010 seldi Orkusalan 1.006 GWh á almennan markað (án stóriðju). Framleiðsla í eigin virkjunum var 258 GWh eða um 25% sölunnar en aðkeypt magn var 748 GWh. Öll framleiðsla og sala Orkusölnunnar er inn á almennan markað. Orkusalan er í þeirri stöðu að kaupa megin hluta raforku sinnar af öðrum, aðallega Landsvirkjun en einnig frá keppinautum á almennum markaði.

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku kemur nær helmingur af raforku fyrir almennan markað frá þeirra eigin virkjunum sem mætir að mestu þeirra grunnorkuþörf en því til viðbótar eru þau stórtæk í framleiðslu og sölu á raforku til stóriðju. Bæði þessi fyrirtæki stefna að því að auka hlutdeild eigin framleiðslu fyrir almennan markað á næstu árum og kaupa aðeins raforku til að mæta sveiflum.

Með byggingu Hólmsárvirkjunar hyggst Orkusalan ehf. mæta vaxandi orkuþörf í landinu til almennra nota. Samkvæmt raforkuspá 2010-2050 (Orkuspárnefnd, 2010) má búast við að almenn notkun (notkun án stóriðju) frá dreifikerfinu aukist árlega um 0,7% til 1,7% á árunum 2010 til 2013. Síðan verður aukningin meiri og nær hámarki 2020 með 2,4% ársaukningu en fer síðan að nálgast 1,4% á árinu 2031 og verður það síðan út spátímabilið. Til að mæta þessari auknu raforkuþörf í smásölu þarf afl kerfisins að aukast um 10-15 MW á ári og orkugeta kerfisins að aukast um 60-90 GWst/ári. Bygging Hólmsárvirkjunar er einn liður í því að mæta þessari auknu raforkuþörf fyrir almennan markað. Hólmsárvirkjun er áætluð 65 MW að stærð og verður með um 480 GWh orkuframleiðslu á ári. Það er því ljóst að ef virkja á fyrir almenna markaðinn, en ekki stóriðju, þá er Hólmsárvirkjun af mjög heppilegri stærð. Þess vegna hefur RARIK og síðar Orkusalan lagt áherslu á hana í sínum áætlunum.

Hólmsárvirkjun í biðflokk

Eins og áður segir gerir fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga ráð fyrir því að Hólmsárvirkjun fari í biðflokk. Rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu er eftirfarandi:

„Mat faghópa var ekki byggt á nýjustu gögnum. Óvissa er með áhrif á skóglendi og hvar línulögn mun liggja. Vantar frekari upplýsingar.“

Allt frá árinu 2002 hafa Landsvirkjun (LV) og RARIK (eigandi Orkusölnunnar) staðið sameiginlega að rannsóknum vegna hugsanlegrar virkjunar í Hólmsá. Í niðurstöðum fyrsta áfanga rammaáætlunar frá október 2003 var fjallað um hugsanlega Hólmsárvirkjun við Einhyrning, án miðlunar, og var þessi kostur þá metinn í umhverfisflokk a. Í umhverfisflokk a fóru þeir kostir sem minnst umhverfisáhrif höfðu. Gæði gagna, sem verkefnisstjórnin hafði til að meta kostinn, fengu umsögnina B: góð gögn sem nægja fyrir mat rammaáætlunar.

Á grundvelli þessarar jákvæðu niðurstöðu beittu fyrirtækin sér fyrir frekari rannsóknum og útfærslum á virkjun Hólmsár og var sótt um rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í nóvember 2008. Í apríl 2009 var farið að athuga þann möguleika að virkja Hólmsá með miðlunarlóni við Atley. Ólíkt fyrri kostum sem skoðaðir voru, hafði Atleyjar-útfærslan á virkjun Hólmsár þann kost að ekki væri verið að veita vatni milli vatnasviða, áhrif á Tungufljót yrðu lítil sem engin og ekki væri hróflað við Hólmsárfossi. Þannig hefur verið unnin ný útfærsla virkjunar í Hólmsá sem hefur verulega minni umhverfisáhrif en sú útfærsla sem fyrst var metin í rammaáætlun, sem þó fékk ágæta umsögn þar og var valin í hóp þeirra kosta sem minnst umhverfisáhrif höfðu. Sést þetta vel í mati faghópa I og II á öllum þremur kostunum í Hólmsá. Lýsing á Hólmsárvirkjun með miðlunarlóni við Atley var send inn til rammaáætlunar II til umfjöllunar í júlí 2009.

Ákvörðun um að setja Hólmsárvirkjun í biðflokk virðist byggð á því að óvissa hafi verið um tvennt; annars vegar áhrif virkjunar á skóglendi og hins vegar hvar línulögn muni liggja. Segir í þingsályktunartillögunni að mat faghópa hafi ekki byggt á nýjustu gögnum og að frekari upplýsingar vanti.

Skóglendi – meint óvissa um áhrif:

Ekki er ljóst hvernig má draga þá ályktun að óvissa sé með áhrif á skóglendi. Í þeim gögnum sem send voru inn í júlí 2009 vegna rammaáætlunar II er m.a. fullbúið vistgerðarkort, þar sem glöggt má sjá þær landgerðir sem lónið mun fara yfir. Þar kemur fram að í 5% lónstæðisins er birkikjarr. Þetta vistgerðarkort er hluti af verkefninu „Vistgerðir á fjórum hálandissvæðum“ sem unnið var árið 2002 af Náttúrufræðistofnun Íslands í tengslum við fyrsta áfanga rammaáætlunar. Birkikjarr þekur 17 km² á rannsóknarsvæði Hólmsárvirkjunar, af því munu um 0,42 km² fara undir vatn við myndun Atleyjarlóns. Þessi röksemd hlýtur því að byggjast á misskilningi eða mistökum í vinnslu málsins.

Vissulega hafa verið framkvæmdar frekari rannsóknir frá árinu 2009 og ný gögn byggð á þeim komið fram eins og væntanlega á við um alla virkjunarkosti sem verið er að rannsaka. Það sem komið hefur út úr frekari vinnu við þennan virkjunarkost frá árinu 2009 gerir hins vegar ekkert annað en að staðfesta þær upplýsingar sem niðurstaða faghópa byggir á. Það er því beinlínis rangt að óvissa sé um áhrif virkjunarinnar á skóglendi og að það vanti frekari upplýsingar.

Línulögn – meint óvissa um hvar hún muni liggja

Ekki er heldur ljóst hvernig má draga þá ályktun að óvissa sé um hvar væntanleg flutningslína mun liggja. Þann 5. nóvember 2009 var haldin kynning með faghópi I og eins og fram kemur á glærukynningu frá þeim fundi (og aðgengileg er á heimasíðu rammaáætlunar), er miðað við að tenging virkjunar við flutningskerfið verði við Sigöldulínu, í um 30 km. fjarlægð frá virkjuninni. Þessi staðsetning var ítrekuð í umsögnum LV og RARIK sem sendar voru formanni verkefnastjórnar 3. maí 2010. Í svörum faghópa við umsögnum vorið 2010 kemur einnig vel fram að línuleið vegna Hólmsárvirkjunar við Atley var þekkt af faghópum. Þessi röksemd hlýtur því einnig að byggjast á misskilningi eða mistökum í vinnslu málsins.

Upplýsingar – meint vöntun á frekari upplýsingum

Allar helstu upplýsingar um Hólmsárvirkjun með miðlunarlóni við Atley lágu fyrir í þeim gögnum sem send voru rammaáætlun II, t.d. er varða einkennisstærðir um vatnasvið, yfirfallshæð í virkjun, flatarmál lóns og mestu hæð stíflu. Auðsótt hefur jafnframt verið að fá allar þær frekari upplýsingar og kynningar sem verkefnastjórn hefur óskað eftir.

Í niðurstöðu rammaáætlunar II er lagt mat á gæði gagna. Þær niðurstöður styðja það sem hér hefur verið sagt um þau gögn sem afhent hafa verið vegna Hólmsárvirkjunar. Gæði gagna eru metin þannig að þeim er skipt í fjóra flokka A-D. A stendur fyrir: Mjög góð gögn sem að mestu nægja fyrir mat á umhverfisáhrifum, B: Góð gögn sem nægja fyrir mat rammaáætlunar, C: Sæmleg gögn sem tæpast nægja fyrir mat rammaáætlunar og D: Ónóg gögn fyrir mat. Síðan eru gögn vegna mismunandi fimm þátta metin á þessum grunni. Gæði gagna vegna Hólmsárvirkjunar fá einu sinni einkunnina A, þrisvar einkunnina B og einungis einn þáttur fær einkunnina C, en þau varða mat á áhrifum framkvæmda á virði ferðamennsku, útivistar, beitara og hlunninda. Gögn vegna Hólmsárvirkjunar fá því í einkunn 1 A, 3 B og 1 C. Til samanburðar má geta þess að virkjanakostur við Hvalá (nr. 4) fær 2 B og 3 C um gæði gagna og eru þau gæði talin nægjanleg til að meta þá framkvæmd í nýtingarflokk.

Af þessu má vera ljóst að faghópar í vinnu rammaáætlunar höfðu fullnægjandi upplýsingar til að byggja sínar niðurstöður á.

Staða verkefnisins

Frumhönnun Hólmsárvirkjunar með miðlunarlóni við Atley lauk í desember 2010. Mat á umhverfisáhrifum er hafið og liggur matsáætlun fyrir, auk þess sem að heimild frá öllum landeigendum (íslenska ríkinu þar með talið) liggur fyrir um nýtingu á vatns- og landréttindum í og við Hólmsá til raforkuframleiðslu. Þá liggur fyrir rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár frá Orkustofnun, dagsett 21. ágúst 2009. Áætlað var að vinna við verkhönnun og frummatsskýrslu færi af stað síðla þessa árs, en því hefur nú verið frestað þar til ljóst verður um niðurstöðu þess máls sem hér er veitt umsögn um. Það er ljóst að tillagan til þingsályktunar, eins og hún er sett fram í drögum, mun veikja og hafa skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu Orkusölnunnar verði hún samþykkt óbreytt. Hún setur jafnframt áform fyrirtækisins um orkuöflun fyrir almennan markað í uppám, enda er Hólmsárvirkjun eini virkjanakosturinn sem Orkusalan er með í vinnslu. Það leiðir til þess að Orkusalan þurfi í framtíðinni að byggja sína orkuöflun á framleiðslu helstu keppinautanna á markaðnum komi ekki eitthvað nýtt til.

Niðurstaða

Ástæður þess að Hólmsárvirkjun er sett í biðflokk samkvæmt þeim rökstuðningi sem fram kemur í þingsályktunartillögunni eru þær að óvissa sé um áhrif virkjunar á skóglendi og hvar lína frá virkjuninni muni liggja. Það vanti nýjustu gögn og frekari upplýsingar. Hér að framan hefur verið sýnt fram á að þetta á ekki við rök að styðjast. Engin óvissa er um áhrif á skóglendi og allar upplýsingar liggja fyrir um línulögnina. Þá liggur fyrir að samkvæmt niðurstöðu rammáætlunar II eru upplýsingar og gögn um Hólmsárvirkjun fullnægjandi. Allt þetta hefur verið rakið og rökstutt hér að framan.

Orkusalan telur með vísan til þessa að röðun á virkjanakosti Hólmsár með miðlunarlóni við Atley í biðflokk sé byggð á misskilningi eða mistökum við vinnslu matsins sem liggur til grundvallar þeirri röðun og væntir þess að það mat verði endurskoðað og leiðrétt áður en að tillagan til þingsályktunar verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar. Það er mat Orkusölunnar að ekkert hafi komið fram í vinnu rammaáætlunar sem gefi tilefni til annars en að þessi virkjunarkostur, sem hentar sérstaklega vel til að virkja fyrir almennan markað með mjög takmörkuðum umhverfisáhrifum, verði settur í nýtingarflokk.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkusölunnar ehf.



Magnús Kristjánsson,
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Tilvísanir í gögn

Afrit sent:

Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

TILVÍSANIR Í GÖGN:

Drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða, bls. 19

„Suðurland Hólmsá 21 Hólmsárvirkjun neðri við Atley
Rökstuðningur: Mat faghópa var ekki byggt á nýjustu gögnum. Óvissa er með áhrif á skóglendi og hvar línulögn mun liggja. Vantar frekari upplýsingar.“

Raforkuspá 2010-2050 (Orkuspárnefnd, 2010) – bls. 6.4

Tafla 6.2 Spá um notkun sem afhent er frá dreifikerfinu greind niður á flokka, forgangsorka (*Rauntölur).

Ár	Ibúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iónaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fiskveið- ar/Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töþ GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2000*	281.154	639	188	420	780	230	45	2.301	140	2.441	3,5	417
2001*	285.025	641	188	427	796	230	46	2.327	167	2.494	2,2	434
2002*	287.559	677	187	421	823	233	44	2.385	163	2.548	2,2	430
2003*	289.272	676	182	424	830	231	47	2.389	191	2.580	1,3	443
2004*	292.587	718	195	477	874	239	44	2.546	172	2.718	5,3	491
2005*	295.864	743	204	418	895	96	38	2.395	172	2.567	-5,5	457
2006*	304.334	797	210	431	940	98	35	2.511	141	2.653	3,3	479
2007*	311.396	827	224	440	973	99	38	2.601	160	2.760	4,1	503
2008*	319.355	860	224	403	1.030	111	38	2.667	170	2.838	2,8	491
2009*	319.246	882	218	387	1.004	101	36	2.629	149	2.778	-2,1	499
2010	317.091	879	218	379	985	99	36	2.595	165	2.761	-0,6	493
2011	316.826	884	217	375	1.012	100	36	2.625	167	2.792	1,1	499
2012	318.280	891	218	375	1.022	100	37	2.644	168	2.812	0,7	502
2013	320.767	903	220	377	1.051	102	37	2.689	171	2.860	1,7	511
2014	323.596	917	221	379	1.080	103	37	2.737	173	2.910	1,8	520
2015	326.655	929	223	382	1.110	104	37	2.785	176	2.961	1,7	529
2020	342.700	1.020	233	424	1.277	110	38	3.101	195	3.296	2,4	589
2025	358.371	1.103	244	482	1.465	116	39	3.449	216	3.665	1,8	655
2030	373.223	1.180	254	519	1.657	120	40	3.769	235	4.004	1,7	715
2035	386.995	1.243	264	539	1.844	122	40	4.052	251	4.303	1,4	769
2040	399.447	1.316	272	552	2.043	124	41	4.348	268	4.616	1,4	825
2045	410.486	1.403	280	559	2.254	126	42	4.663	286	4.949	1,4	884
2050	420.343	1.510	286	562	2.478	126	42	5.004	306	5.309	1,4	948

Niðurstaða fyrsta áfanga Rammaáætlunar – Kafli 5, bls. 67

Tafla 5.13 Einfaldaðar niðurstöður flokkunar á virkjunarhugmyndum.
(Með samanburðarvirkjunum) Ráðað eftir umhverfisáhrifum og síðan
heildarhagnaði eða arðsemi

Nr.	Nafn virkjunarstaðar	Röðun eftir flokkum	Flokkun UHA	Gæði gagna I II IV	Orku- geta (GWh/ár)	Samanlögð ný orkugeta (GWh/ár)
31	Svartsengi, stækkun	1	ada	B A A	140	-
39	Nesjavellir, stækkun	2	ada	A A A	210	-
17	Núpsvirkjun a	3	abc	A A A	1001	1001
18	Núpsvirkjun b	4	abc	A A A	1019	-
51	Krafla I, stækkun	5	adb	B A A	280	-
43	Hágöngusvæði	6	acc	B C B	840	1841
37	Hellisheiði	7	acc	A A B	840	2681
32	Sandfell	8	acc	C C C	840	3521
41	Þverárdalur	9	acc	C C C	840	4361
42	Ölkelduháls	10	acc	B C B	840	5201
50	Bjarnarflag	11	acc	A A A	560	5761
52	Krafla – Vestursvæði	12	acc	B A B	840	6601
35	Austurengjar	13	acc	B C C	840	7441
34	Seltún	14	acc	B C B	840	8281
30	Reykjanes	15	acc	A A B	840	9121
38	Innstidalur	16	acc	B C B	840	9961
33	Trölladyngja	17	acc	B B B	840	10801
11	Hólmsárvirkjun	18	adc	B B B	438	11239
16	Búðarhálsvirkjun	19	add	A A A	630	-

Hólmsárvirkjun í Skaftártungu með miðlunarlóni við Atley – Tilhögun og umhverfi (júlí 2009)
Send rammaáætlun í júlí 2009

Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar - Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði (júní 2011) – Tafla 7.1 Upphafleg röðun faghópa, orka og gæði gagna og Tafla 7.2 Röðun verkefnisstjórnar

Kynning fyrir faghóp I á Hólmsárvirkjun við Atley 5. nóvember 2009

Glærुकynning aðgengileg á heimasíðu Rammaáætlunar.

Úr umsögn LV, send formanni verkefnastjórnar 3. maí 2010

„Varðandi tengingu Hólmsárvirkjunar neðri (staðarnúmer 21) við landskerfið þá benda Landsvirkjun/Rarik á að loftlína yrði aldrei lögð meðfram Þjóðvegi nr. 1 yfir Eldhraunið eins og faghópur IV miðar við. Faghópur II styðst síðan við þessa niðurstöðu faghóps IV við mat sitt á áhrifum Hólmsárvirkjunar neðri á ferðapjónustu og útivist. Þriðjungur af afleiðingarstuðli virkjunarinnar fyrir ferðamennsku og útivist kemur frá Eldhraunssvæðinu og er það væntanlega vegna raflínunnar frá virkjuninni. Eðlilegra væri að sýna tengingu Hólmsárvirkjunar neðri sem loftlínu til norðurs eða norðausturs í átt að Byggðalínu. Landsvirkjun/Rarik óska eftir að mat á tengingu Hólmsárvirkjunar neðri (staðarnúmer 21) við landskerfið verði endurskoðað með hliðsjón af þessu og í framhaldi af því verði áhrif Hólmsárvirkjunar neðri (staðarnúmer 21) á ferðapjónustu og útivist endurmetin.“

Úr umsögn RARIK Orkuþróunar ehf., um rammaáætlun send 3. maí 2010

„Hólmsárvirkjun við Atley: Þessi kostur er með staðarnúmer 21 og einnig nefnd Hólmsárvirkjun neðri. Hann er lagður fram sameiginlega af Landsvirkjun og RARIK. Í þessum kosti er vatni ekki veitt á milli vatnasviða og Tungufljót verður því ekki fyrir áhrifum virkjunarinnar, vatn til Hólmsárfoss er ekki skert eins og fyrirhugað var í fyrri kostum (efri) og ekki er hreyft við Hólmsárlóni sem hefði örugglega valdið deilum vegna áhrifa á umhverfi þess. Vegna tengingar virkjunarinnar við landskerfið benda Landsvirkjun og RARIK á það að fyrirhuguð 132 kV loftlína frá virkjuninni yrði aldrei lögð meðfram Þjóðvegi 1 (hringvegi) yfir Eldhraunið eins og faghópur IV miðar við og faghópur II hefur tekið upp. Línan yrði örugglega lögð til norðurs eða norðausturs frá virkjuninni í átt að Byggðalínu. Óskað er eftir því að mat á tengingu virkjunarinnar við landskerfið verði endurskoðað með hliðsjón af þessu og áhrif virkjunarinnar á ferðapjónustu og útivist endurmetin.“

Úr umsögn RARIK Orkuþróunar ehf. um Hólmsárvirkun – send orkumálastjóra, Orkustofnun, 30. mars 2011

„Rannsóknarleyfi fyrir vatnasvæði Hólmsá var gefið út í ágúst 2009. Frumhönnun lauk í desember 2010 og skv. henni verður uppsett afl amk. 65 MW og orkuvinnsla 480 GWh/ári. Mat á umhverfisáhrifum er hafið (matsáætlun) og verkhönnun fer af stað á þessu ári. Stefnt er að því að sækja um virkjunarleyfi síðla árs 2012 og að gangsetning verði 2016-2017. Hér er á ferðinni aðal virkjunarkostur Orkusölnunnar ehf. og orkan er fyrst og fremst ætluð til almenningsnota í landinu.

Það vekur óneitanlega athygli og undrun að í Rammaáætlun 1 fékk Hólmsárvirkjun með inntaki við Einhamar bestu einkunn eða a flokk m.t.t. umhverfisáhrifa. Með þeirri útfærslu sem nú er unnið að, sem er með inntaksmiðlun við Atley og nefnist Hólmsárvirkjun neðri, er kominn virkjunarkostur sem hefur mun minni umhverfisáhrif heldur en áður nefndur kostur. Er þá vitnað til þess að ekki er lengur gert ráð fyrir að skerða rennsli Hólmsárfoss, vatni frá virkjuninni verður ekki veitt yfir í Tungufljót og ekki verður hreyft við Hólmsárlóni eins og útfærslan við Einhamar hefði getað leitt til. Þrátt fyrir þessar verulegu endurbætur lendir virkjunin nú í 19. sæti hjá faghópi 1 (talið neðan frá sem er best gagnvart umhverfisáhrifum) og í 36. sæti hjá faghópi 2 (einnig talið neðan frá sem er best). Flokkunin hjá faghópi 2 helgast fyrst og fremst af því að talið var að lína frá virkjuninni færi beinustu leið yfir Eldhraunið og að tengivirki við Prestbakka. Það stendur hins vegar ekki til og hefur aldrei gert því að línan mun fara frá virkjuninni til norðurs að núverandi byggðalínu og tengjast henni þar.“

Svör faghópa við umsögnum – vorið 2010, af heimasíðu Rammaáætlunar

„Eins og fram kom í skýrslu um niðurstöður faghópa í mars 2010 var mat byggt á upplýsingum um línustæði sem fengnar voru frá faghóp IV. Eftir að athugasemdir bárust við línustæði Hólmsárvirkjunar neðri (21) og Búlandsvirkjunar (40) var faghópnum sent endurgert kort af línulögnum frá faghópi IV og felldi faghópurinn það inn í kort þau er greina ferðasvæði og línuleiðir sem upphaflegt mat byggir á.“